

Reglugjörð

152

23. júlí

um breyting á reglugjörð 2. nóvember 1917 fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl.

1. gr.

A eftir fyrstu setningu 40. greinar komi:

Til Stafnsrjettar skal þó smala hrossum í fyrri göngum og skulu hross þau, sem ekki eru hirt, seld að aflokinni stóðrjettuninni og þá farið með þau sem óskilafje í seinna rjett, sbr. 42. gr.

2. gr.

Orðin »og þau óskilahross . . . þau uppboð« í 43. gr. falli burt, en í stað þess komi: skal hreppsnefnd annast um að komist til eigenda sjeu þeir í næstu hreppum. Annars skal það selt sem óskilafjenaður, en auglýsa ber þau uppboð með minst viku fyrirvara.

Komi óskilahross fyrir eftir smölun í janúar, skal landeigandi gjöra hreppsnefnd tafarlaust aðvart er hrossin finnaast. Lætur hún síðan skoða mörk þeirra og skrifa upp lýsingu á þeim. Ef þörf gerist sendir hún lýsingarnar til allra hreppsnefnda í sýslunni og næstliggjandi hreppa utan sýslu, og auglýsir um leið uppboð á hrossunum að mánuði liðnum frá því að landeigandi gjörði aðvart. Skal landeigandi skyldur að annast hagagöngu og gæslu hrossanna til söludags án endurgjalds. Þetta gildir þó ekki ef landeigandi getur sannað, að hrossin hafi ekki verið í landi hans við janúarsmölunina. Tekur hreppsfelagið þá við skyldum landeiganda, nema sannalegt sje að þau hafi verið í annars manns landi, sem þá ber kostnaðinn.

3. gr.

A eftir 1. málsg. 47. greinar komi:

Finnist hross eða sauðfle óheimt á afrjettum eftir að eftirleitir hafa farið fram, skulu sveitarsjóðir upprekstrarfjelagsins borga sanngjörn björgunarlaun fyrir skepnur þessar eftir mati hreppsnefndar.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 7. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1919.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins 23. júlí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.